

undir kostnaði við sérhæft eftirlit Hollustuverndar ríkisins, samanber þriðja kafla reglugerðarinnar.

5. Gildistaka.
- 5.1. Starfsleyfi þetta gildir til 1. júní 1997 og er veitt í samræmi við ákvæði greinar 8.4 í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 samanber lög nr. 81/1988, um hollustu-hætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi starfsleyfi nr. 393/1991 fyrir urðun í Mýnesgrýfjum.

Umhverfissráðuneytið, 27. apríl 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um bráðabirgðastarfsleyfi fyrir tilraunarbrennslu á olúsora í Sementsverksmiðju ríkisins.

- Leyfi þetta er veitt fyrir tilraunarbrennslu á olúsora í sementsofni Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi. Sementsverksmiðju ríkisins ber að tilkynna upphaf tilraunarbrenns-unnar skriflega til Megnunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirlits Akranessvæðis með minnst einnar viku fyrirvara.
- Með olúsora er í leyfi þessu eingögnu átt við úrgangsolíu og botnfall úr eldsneytis-, smurolíu- eða gírolíutönkum. Ekki er leyfilegt að blanda saman við olúsorann úrgangsolíu af öðrum toga, t.d. þéttaolíu.
- Vaðandi flutning, meðhöndlun og geymslu á olúsora gilda sömu lög, reglur og ákvæði og fyrir olíur og annan hættulegan varning eða úrgang. T.d. má nefna reglgerð nr. 560/1982, um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar og reglugerð nr. 801/1982 um flutning á hættulegum varningi.
- Til bráðabirgða verða gerðar eftirfarandi kröfur til efnasamsetningar olúsorans:

Kadmíum (Cd)	≤	5 mg/kg
Kvikasilfur (Hg)	≤	5 mg/kg
Blý (Pb)	≤	1500 mg/kg
Króm (Cr)	≤	500 mg/kg
Nikkel (Ni)	≤	200 mg/kg
PCB	≤	50 mg/kg

- Sementsverksmiðja ríkisins ber ábyrgð á því að í ofni verksmiðjunnar sé ekki brennt olúsora með herra innihaldi málma og PCB en tiltekið er í lið 4 í þessu bráðabirgðastarfsleyfi. Á meðan tilraunarbrennslan fer fram skal Sementsverksmiðjan því láta efnagreina olúsorann og ganga úr skugga um að kröfum í lið 4 sé fullnægt. Ennfremur ber Sementsverksmiðjunni að halda dagbók um alla farma olúsora sem hún tekur við, svo og um magn og efnisinnihald olúsora, sem brennt er dag hvern í verksmiðjunni. Sementsverksmiðjunni ber að skrá í dagbókina öll markverð frávik frá venjulegum rekstri, t.d. ef hiti lækkar óeðlilega í ofni, einnig slys, leka o.þ.h. Dagbók þessa skal sýna starfsmönnum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðiseftirlits Akranessvæðis hvenær sem þeir óska þess.

6. Áður en tilraunarbrennsla olíusorans hefst skal framkvæma minnst fjórar mælingar á magni eftirtalinna fimm málma, Cd, Hg, Pb, Cr og Ni, bæði í rafsiuryki og ryki í skorsteini verksmiðjunnar. A.m.k. tveir dagar skulu líða milli töku einstakra sýna. Sýnatakan skal framkvæmd á vegum Hollustuverndar ríkisins, en efnagreiningu sýnanna skal fela óháðum aðila.
7. Á meðan tilraunarbrennsla olíusora á sér stað, skal taka ryksýni úr rafsíu og skorsteini minnst fimm sinnum með a.m.k. viku millibili til efnagreiningar, en oftast ef Hollustuvernd ríkisins þykir ástæða til. Fyrstu sýnatökuna skal framkvæma innan viku frá því að tilraunarbrennslan hefst. Sýnatakan skal framkvæmd á vegum Hollustuverndar ríkisins, en efnagreiningu sýnanna skal fela óháðum aðila.
8. Sementsverksmiðja ríkisins ábyrgist, að brennsla olíusorans verði einungis framkvæmd þegar að tryggt er að hann verði í a.m.k. tvær sekúndur við 1400°C eða hærri hita í ofni verksmiðjunnar.
9. Gefi niðurstöður efnagreininga á ryki úr rafsíu eða skorsteini Sementsverksmiðjunnar, eða aðrar upplýsingar um mengunarhættu af völdum brennslu olíusorans tilefni til breytinga á bráðabirgðastarfsleyfi þessu, er Hollustuvernd ríkisins það heimilt að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Akranessvæðis.
10. Eigendur olíusorans (þ.e. íslensku olíufélögin) skulu bera allan kostnað við sýnatöku og efnagreiningar, sem þörf er á samkvæmt bráðabirgðastarfsleyfi þessu.
11. Bráðabirgðastarfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi og gildir til 1. maí 1993.

Umhverfissráðuneytið, 27. apríl 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

G J A L D S K R Á

fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra farandvinnuvéla, vinnuvéla, búvéla, lyftna, eimkatla og vatnshitunarkerfa skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum samkvæmt gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða fyrir ýmiss konar aukabjónustu Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Fyrir skráningu og skoðun farandvinnuvéla, vinnuvéla, lyftna, eimkatla og annarra tækja og þjónustu sem tilgreind eru í viðauka 1 með gjaldskrá þessari skal greiða gjald sem reiknað er þannig að margfaldaður er saman fjöldi gjaldeininga sem tilgreindur er í viðauka 1 og gjald fyrir hverja einingu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 642,00.

Þó frumskoðun fari fram oftast en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni nema framkvæma þurfi aukaskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald.